

6. október. 2004.

Fundargerð Hverfisnefndar Síðuhverfis. 2.fundur.

Mættir: Kristín, Drífa, Helga, Elín og Dilla.

Ákveðið var að fara seinni göngutúrinn um hverfið í björtu því illa sást mönnum umhverfið í myrkrinu. Fundarmenn voru sammála um það að lýsingu vantaði sárlega á skólalóð Síðuskóla. Almenn er talið að eiturfjandeytendur sæki á myrka afvikna staði og viljum við ekki að skólalóð barna okkar verði notuð til slíks brúks. Auk þess sem betri lýsing myndi að öllum líkindum fækka skemmdarverkum á skólahúsnæðinu.

Rætt var um hvort viðkomandi aðilar í bæjarkerfinu læsu fundargerðir okkar eða hvort við þyrftum að koma þessu sérstaklega til þeirra sem málið varðar. Var ákveðið að spyrja Dagnýju út í þetta atriði.

Fundarmenn voru sammála um það að senda bréf í hvert hús í hverfinu til að kynna fólki tilveru nefndarinnar og beina því til fólks að senda okkur erindi ef eitthvað liggir þeim á hjarta. Elínu var falið að útbúa þetta bréf og Dillu að forvitnast um það hvort bærinn myndi senda að út. Annars myndu fundarmenn taka að sér útburðinn.

Verkefnisstjóri Barnsins í brennidepli hefur komið að máli við formann hverfisnefndar um að nefndin skipi fulltrúa í verkefnisstjórn. Fundarmenn tilnefndu Ingibjörgu Magnúsdóttur.

Rætt var um bílplan Síðusels og vill nefndin leggja áherslu á að gengið verði frá planinu hjá Síðuseli og jafnframt verði planinu hjá Síðubúð komið í viðunandi horf.

Fleira var ekki fært til bókar.

Næsti fundur verður mánudaginn 11.okt. kl 18.00 í húsi nefndarinnar, kastalanum á skólalóðinni.